

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2014/EES/23/34

frá 4. febrúar 2013

um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu

(tilkynnt með númeri C(2013) 435)

(2013/76/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömunar⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. b. í 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. b í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að endurskoða megi árlegar vöktunaráætlanir aðildarríkja sem hafa sýnt fram á að faraldsfræðilegar aðstæður þeirra hafi batnað samkvæmt tilteknum viðmiðunum.
- 2) Í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2009 um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu⁽²⁾, eins og henni var breytt með framkvæmdarákvörðun 2011/358/ESB⁽³⁾, eru talin upp 25 aðildarríki sem hafa heimild til að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar í samræmi við 1. mgr. b. í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 (hér á eftir nefnd aðildarríkin 25).
- 3) Að því er varðar vöktun nautgripa sem er slátrað á hefðbundinn hátt til manneldis er í a-lið 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2009/719/EB kveðið á um að aðildarríkin 25 eigi að prófa alla nautgripa, eldri en 72 mánaða, með tilliti til kúariðu en í 3. mgr. 2. gr. er kveðið á um að frá og með 1. janúar 2013 megi aðildarríkin 25 ákvarða að prófa einungis árlegan lágmarksfjölda af heilbrigðum nautgripum, eldri en 72 mánaða, sem er slátrað.

- 4) Hinn 8. október 2012 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) skýrslu um vísindalega og tæknilega aðstoð varðandi lágmarksstærð úrtaks sem ætti að prófa ef aðferð til árlegrar tölfræðilegrar prófunar vegna kúariðu í heilbrigðum nautgripum sem er slátrað⁽⁴⁾ verður leyfð.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni að samkvæmt mati úr líkani, sem var þróað sem svar við umboði framkvæmdastjórnarinnar (C-TSEMM-líkan), sé ekki þörf á prófunum á heilbrigðum sláturdýrum til þess að núverandi kerfi til eftirlits með undirhópum sem eru í áhættu (sjálfdaud dýr, neyðarslátrun og dýr sem grunur leikur á um að séu sýkt) sýni tilgátualgengi sem er eitt greinanlegt tilvik á hverja 100 000 fullorðna nautgripa með 95% öryggi, sem er alþjóðlegur staðall sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin kom á varðandi nothæfi eftirlitskerfis vegna kúariðu, í hópi aðildarríkjanna 25 sem teljast vera ein heild. Þó að ekki hefðu verið gerðar neinar prófanir á heilbrigðum dýrum, sem var slátrað, árið 2011 hefði eftirlitskerfið samt tryggt, með 95% öryggi, tilgátualgengi sem er eitt tilvik á hver 5 355 627 fullorðin dýr í aðildarríkinum 25.
- 6) Að teknu tilliti til þess að tilvikum kúariðu fer fækkandi í Evrópusambandinu, mats Matvælaöryggisstofnunarinnar að í aðildarríkinum 25 myndi eftirlitskerfi, sem byggist einungis á því að prófa undirhópa sem eru í áhættu, auðveldlega uppfylla alþjóðlega staðalinn að því er varðar nothæfi eftirlitskerfis vegna kúariðu og þeirrar staðreyndar að ekki er gerð krafa um prófanir á heilbrigðum dýrum, sem er slátrað, til að uppfylla alþjóðlega staðalinn, sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin kom á til að vakta kúariðu, væri unnt að hætta að gera prófanir á heilbrigðum nautgripum, sem er slátrað, í aðildarríkinum 25 að því tilskildu að gerðar séu prófanir á dýrum úr undirhópnum þremur sem eru í áhættu. Því ber að breyta ákvæðunum um kerfi til eftirlits með heilbrigðum nautgripum, sem er slátrað, í aðildarríkinum 25 til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 35, 6.2.2013, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 35.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 29.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(10), 2913.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

2. gr.

1. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Í stað 3. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2009/719/EB komi eftirfarandi:

Gjört í Brussel 4. febrúar 2013.

„3. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. er aðildarríkjunum, sem eru talin upp í viðaukanum, heimilt að ákveða að gera ekki prófanir á dýrum í undirhópunum, sem um getur í þeim lið, frá og með 1. janúar 2013.“

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Tonio BORG

framkvæmdastjóri.